



Mitt andlega ferðalag

1. spor

Ég viðurkenni vanmátt minn,
því aðskilnað frá þér ég finn,
og þó ég haldi að ég svífi,
þá er mér um megn að stjórna eigin lífi.

2.spor

Ég leita til þín minn æðri máttur,
því með þinni hjálp hefst annar þáttur
í að gera mig heila að nýju
ég læri að taka við kærleik og hlýju.

3.spor

Ég ákveð það, hér og nú,
að hlýða á það sem segir þú,
og fara að ráði þínu,
sem handleiðslu í lífi mínu.

4.spor

Nú skapgerðareinkennin þurfti að lista
og margar tilfinningar af-frysta,
óttinn og gremjan fóru af stað,
svo skráning veikleika var rituð á blað.

5.spor

Ég viðurkenni yfirsjónir afdráttarlaust
og annast það að vera andlega hraust
og játa mín mál fyrir öðrum einstaklingi
og einnig fyrir þér á bænþingi.

6.spor

Nú er ég albúin að láta Guð fjarlægja allt
sem hefur gert lífið svo erfitt og valt
og allir þessir skapgerðarrestir
eru ekki lengur mínir daglegu gestir.

7.spor

Auðmjúk þér ég mæti,
æðrulaus og engin læti
og bið þig að fjarlægja mína bresti,
og aðra óboðna gesti.

8.spor

Ég listaði niður þá sem ég olli skaða
og vinn úr því á mínum hraða,
því ég er þess fús að bæta mitt brot
þótt margt sé ekki gert eins og skot.

9.spor

Komið er að því að fyrir brotið mitt bæti
og gæta þarf þess að engan ég græti
því milliliðalaust þetta þarf að vera,
þar sem því er við komið og traust til að gera.

10.spor

Ég held áfram að stunda sjálfsrannsókn mína
og vanda mig í samskiptum og vil kærleikann
sýna.
en þegar mér skjátlást ég yfir hegðun mína
renni
og undanbragðalaust það strax viðurkenni.

11.spor

Ég leita til þín í hugleiðislu og bæn
þá eigum við góða stund sem verður svo væn
því bið ég aðeins um þekkingu þína
að veitist mér styrkur fyrir framkvæmd mína.

12. spor

Andlegri vakningu og árangri er náð
með sporavinnunni var sannleika sáð
og mun þetta standa öðrum til boða
góðar meginreglur og lífið sitt skoða.